



Forvarnarsjóður Kópavogs

úthlutunarreglur

1. gr.

Hlutverk

Hlutverk Forvarnarsjóðs er að stuðla að bættri lýðheilsu og öflugum forvörnum í Kópavogi. Forvarnarsjóður Kópavogs leggi sérstaka áherslu á börn og ungmenni með jákvæðum forvörnum sem hafa áhrif á líðan, heilbrigði og framtíð þeirra. Með því að styðja verkefni sem efla félagslega færni, heilbrigði, andlega og líkamlega vellíðan, stuðlar Forvarnarsjóður Kópavogs að betra samfélagi þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að þroskast og dafna í öruggu umhverfi.

Sjóðnum er ætlað að styðja og styrkja forvarnarstarf og samstarf barna, ungmenna og þeirra aðila sem að málaflokknum koma í Kópavogi. Jafnframt að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar.

2. gr.

Stjórn

Menntasvið hefur umsjón með sjóðnum í umboði menntaráðs. Menntaráð setur áherslur á hverju ári tengt forvörnum, sem ber að hafa að leiðarljósi til viðmiðunar við úthlutun. Menntaráð velur nefnd til að vinna úr umsóknum, einn frá meirihluta, einn frá minnihluta, fulltrúa foreldra og þremur fulltrúum ungmennaráðs.

Starfsmaður valnefndar er skipaður af menntasviði. Hlutverk hans er að taka saman umsóknir, undirbúa og boða fundi með valnefnd og veita nefndarmönnum ráðgjöf.

3. gr.

Ráðstöfunarfé

Ráðstöfunarfé sjóðsins er sú fjárhæð sem árlega er úthlutað samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem og það fé sem sjóðnum kann að áskotnast með frjálsum framlögum eða styrkjum.

Innan ráðstöfunarfé sjóðsins er ákveðin upphæð sem úthlutað er til forvarnarverkefna barna og ungmenna.

4. gr.

Styrkúthlutanir

Markmið Forvarnasjóðs er að veita börnum og ungmennum á aldrinum 10-25 ára í skipulögðu frístundastarfi, einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum styrki til verkefna sem hafa það að leiðarljósi að bæta lýðheilsu, efla forvarnir, heilsu og vellíðan Kópavogsbúa. Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eina af eftirtöldum áherslum:

1. Forvarnir og heilsuefning í þágu barna og ungmenna
2. Bætt lýðheilsa
3. Verkefni sem innifela markvisst samstarf íbúa, barna og ungmenna, félagasamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna
4. Verkefni sem mæta þeim áherslum sem menntaráð setur hverju sinni

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar eða til sama verkefnis oftar en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

5. gr.

Umsóknarferli

Menntaráð auglýsir eftir umsóknum í Forvarnarsjóð Kópavogs ár hvert á heimasíðu og samfélagsmiðlum bæjarins. Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram einu sinni á ári. Menntaráð ákveður umsóknarfrest.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublað á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Allar upplýsingar samkvæmt auglýsingu þurfa að koma fram í umsókn.

6. gr.

Skilyrði

6.1. Um allar styrkveitingar skal gera samning og er styrkur greiddur út þegar samningur hafa verið undirritaður. Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan árs frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn í samræmi við styrksamning styrkþega og Kópavogsbæjar.

6.2. Sé styrkur ekki sóttur áður en úthlutun næsta árs er samþykkt í stjórn sjóðsins fellur hann niður. Styrkþegar skulu skila Kópavogsbæ, menntaráði greinargerð um ráðstöfun styrksins. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Kópavogs, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Kópavogs.

6.3 Styrkþegar skulu ávallt birta merki Kópavogs í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.

Samþykkt í menntaráði 5. febrúar 2019

Samþykkt í menntaráði 21. febrúar 2023

Samþykkt í menntaráði 1.apríl 2025